



Þrándarjökull í september 1995

**Þórólfur H. Hafstað,
Árni Hjartarson**

Greinargerð PHH-ÁH-95-01

September 1995

Prándarjökull í september 1995

Undirritaðir fóru að tilmælum Odds Sigurðssonar og óku á fjórhjólum upp á Prándarjökul þann 13. september síðast liðinn og mældu jöklastikur þar. Vegna bilunar í GPS-tæki og lélegs skyggnis tók nokkurn tíma að finna mælistaðina. Varð raunar að sleppa einum þeirra alveg þess vegna.

Austan lands hefur yfirleitt verið frekar hlýtt síðsumars og vikuna fyrir mælingu dálítill úrkoma, en veður einkum einkennst af þokum á fjöllun, oftar en ekki með tilheyrandi súld. Þar af leiðir, að leysing var enn í fullum gangi, bæði á fönnum í drögum Geithellnadals og á jöklinum sjálfum. Eftir því sem séð varð úr nágrenninu hefur allan snjó frá síðast liðnum vetri tekið upp af Prándarjökli fyrir eða um miðjan ágúst. Þá virtist spegulfagur jökulsins ná upp undir mitt jökulhvelið, en toppurinn vera hulinn örliðið móleitum snjó frá því í fyrra. Þegar á jökulinn er komið, koma þessi skil líka í ljós, þó eru þau ekki hnífskörp og ekki alls staðar jafn hátt á hvelinu.

Stikurnar voru fundnar með aðstoð Paulín hæðarmælis og áttavita af Silva-gerð. Hæðarmælir var stilltur á tröppu við hús nálægt vatnshæðarmæli vhm-256 við útfall úr Geithellnavatni undir Norðurhnútu *klukkan 10:00 á 830 m y.s.*, en það mun vera nokkuð nærri réttu samkvæmt korti Orkustofnunar í mælikvarðanum 1:20.000. Að loknum mælingum um kvöldið var lesið af mæli á sama stað *klukkan 20:00; (832, 831, 835, 831, 832) 832 m y.s.* Samkvæmt því ættu loftþrýstingsbreytingar að hafa verið litlar meðan á mælingum stóð. Endurteknar mælingar á hábungu jökulsins (við T - 1240) gætu bent til að skeið gæti fjórum metrum innbyrðis á hæðarmælingum dagsins miðað við grunnmælinguna við Geithellnavatn. Hins vegar er efsta bunga jökulsins sýnd 1236,5 m há á korti, en hæðarmælirinn gaf þar u.þ.b. 15 m meiri hæð.

Komið var að jökulröndinni nokkru fyrir hádegi; þar var hlaðin varða í um 990 m y.s. og var frá henni mæld lína í háaustur inn á jökulhvelið. Þegar upp var komið, var leit að efsta mælistaðnum út frá þessari línu og fannst hann lygilega fljótt þrátt fyrir að skyggni væri þar aðeins rúmlega 50 m:

Mælistaður T - 1240.

Álstöng; ekki lesið á Dymotape á toppi hennar, enda var stöngin klakabundin.

Upp úr jökli standa 383 cm.

Yfirborð; lítilllega brúnleitur, gljúpur snjór. Hiti líklega rétt neðan við frostmark.

Hæðarmælir sýnir 1252 m y.s. (þrímælt) klukkan 14:00.

Endurtekið; (1250, 1250, 1249) 1250 m y.s. klukkan 15:15.

Endurtekið; (1250, 1249, 1248, 1249) 1249 m y.s. klukkan 17:25.

Endurtekið; (1255, 1254, 1255) 1255 m y.s. klukkan 18:15.

Mest áhersla var lögð á að finna efstu mælistaðina, því þar mátti búast við að stangir væru uppistandandi og auk þess var auðveldara að leita skipulega þar uppi vegna þess að þar sporadist í snjóinn og því minni hættu á að leitendur færu villur vega. Fyrst var leitað til suðurs og fannst mælistaðurinn þar eftir töluverðan akstur og reyndist hann vera heldur hærra í bungunni en ætlað hafði verið út frá uppgefni hæðartölu:

Mælistaður TS - 1130.

Bambusstöng; á Dymotape er ranglega merkt 94.05.03; þessi vitleysa var gerð af ÞHH sjálfum þann 3. maí síðast liðið vor, þ.e 1995.

Upp úr standa 344 cm.

Yfirborð; lítillaga brúnleitur, gljúpur snjór.

Hæðarmælir sýnir (1159, 1161, 1160) 1160 m y.s. klukkan 15:00.

Þá var leitað norðan hábungunnar og var sú leit einnig nokkuð tafsöm af sömu ástæðu og sunnan hennar. Einnig lenti leitarsvæðið á mótum íss og snævar, sem þarna virtust í grófum dráttum vera í rúmlega 1100 m hæð. Sú hæðarákvörðum er þó eigan veginn einhlít, en vera má að mörkin liggja heldur hærra norðvestan í jöklinum en í honum norðanverðum. Hér og þar í jöklinum ofanverðum eru flekkir af ljósleitum hjarnskara ofan á mýkri snjó, eins og þar hafi fryst snögglega eftir þýðu.

Í samningsbundnum kaffitíma opinberra starfsmanna gerði ofurlitla en svikula sólar-glennu á litlum bletti norðanvert í bungunni, enda vindur af suðaustri. Birtist mælinga-mönnum þá bambusstöng í þokujaðrinum eina örskotsstund, töluvert ofar en þeir höfðu talið skynsamlegt að leita. Þegar að var komið reyndust eldri stangir einnig vera uppi standandi þar hjá:

Mælistaður TN - 1100.

Bambusstöng; á Dymotape á toppi er merkt TN11.95.5

Upp úr standa 394 cm.

Yfirborð; lítillaga brúnleitur, gljúpur snjór.

Hæðarmælir sýnir (1157, 1154, 1156, 1155) 1155 m y.s. klukkan 16:45.

Álstöng; á Dymotape á toppi er merkt TN11.94.4

Upp úr standa 502 cm.

Stöngin var lítillaga bogin og var hún tekin upp, rétt úr henni og henni komið fyrir á ný. Sami aflestur var eftir þessa aðgerð.

Hæðarmælir sýnir 1155 m y.s. (þrímælt) klukkan 17:10.

Álstöng; ómerkt

Upp úr standa 173 cm.

Innbyrðis afstaða stanganna:

Frá TN11.95.5 til TN11.94.4: stefna nálægt 240°, fjarlægð um 120 m.

Frá TN11.95.5 til ómerktrar: stefna nálægt 250°, fjarlægð um 130 m.

Frá TN11.94.4 til ómerktrar stiku eru 12 m.

Nú var degi tekið að halla og var því enn á ný þeyst yfir jökulkollinn til að freista þess að finna syðsta mælistaðinn fyrir myrkur. Talið var að auðveldara ætti að vera að finna hann en hinn nyrsta, þar sem hann er nær jökuljaðri og er auk heldur hærra í jöklinum, þannig að meiri líkur þóttu vera á að mælistöngin væri þar uppi standandandi. Enda fór svo að hann fannst með markvissri leit:

Mælistaður TS - 1030.

Álstöng; Dymotape á topp hennar er týnt.

Upp úr standa 330 cm.

Yfirborð; Íshröngl. Mælistaðurinn er sem næst í jökuljaðri. Frá Sunnutindi gengur tangi inn í hann; stefna í hann frá stöng er 140°, fjarlægð 90 m.

Hæðarmælir sýnir (1009, 1010, 1008) 1009 m y.s. klukkan 18:00.

Þegar hér var komið sögu þótti mælingamönnum óráð að gera tilraun til að finna nyrsta mælistaðinn, því ekkert dró úr þoku á jökulskallanum og skammur tími til myrkurs. Leiðin til höfuðstöðva leiðangursins við Geithellnavatn er líka seinfarin í dimmviðri.

Mælistaður TN - 900.

Álstön (merkt TN9.95.5) síðan í vor er ófundin, enda ekki að henni leitað.

Á heimleið var komið niður úr samfelldri þoku í um 950 m y.s. í þokuruðning og gekk heimferð því vel. Heim komið klukkan 20:00; hálf tíma síðar var þar komið myrkur, þoka og súld, eins og ævinlega þann vikutíma sem mælingamenn dvöldu við Geithellnavatn. Ekki varð því á skárra veður kosið til jöklamælinga í þessu úthaldi. Þóttust mælingamenn vel að verki hafa staðið þó ekki næðist að heimsækja alla mælistaði á Þrándarjökli að þessu sinni.


Í stuttu máli geta niðurstöðurnar litið þannig út:

Mæli- staður	Stangarendi 3. maí 1995	Stöng uppúr 13. sep. 1995	Dýpi á "áramót" 3. maí 1995	Bráðnun niður fyrir "áramót" sumarið 1995
TS-1030	-136 cm	330 cm	420 cm	46 cm
TS-1130	-121 cm	344 cm	333 cm	132 cm
T-1240	-40 cm	383 cm	267 cm	156 cm
TN-1100	-16 cm	394 cm	356 cm	54 cm

Vetrarákoman hefur sumsé bráðnað á öllum mælistöðum og ríflega það.

Reykjavík 15. september 1995

Árni Hjartarson



Þórólfur H. Hafstað

